

#### 4. Frumvarp til laga

um breyting á 22. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935.

(Lagt fyrir alþingi 1935).

1. gr.

Aftan við 22. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935 bætist:

Undirskattanefndarmenn þeir, er nú eru, halda starfi sínu þar til tími þeirra er útrunninn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Hinn 6. febr. voru gefin út bráðabirgðalög samhljóða frumvarpi þessu, sem er lagt fyrir þingið samkvæmt ákvæðum 23. gr. stjórnarskrárinnar, og fylgja bráðabirgðalögin hér með sem fylgiskjal.

#### Fylgiskjal.

##### Bráðabirgðalög

um breyting á 22. gr. laga nr. 6 9. jan. 1936 um tekjuskatt og eignarskatt.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmaeri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Fjármálaráðherra Vor hefir tjáð Oss að nokkur vafi leiki á um það, hvort undirskattanefndir þær, er nú sitja, eigi að starfa áfram samkvæmt lögum nr. 6 9. janúar 1935, eða hvort skipa eigi nýjar undirskattanefndir. Með því að svo er ástatt, sem að framan greinir, og úr þessu þarf að skera án tafar, svo skattanefndir geti óhindraðar sinnt störfum, en hinsvegar eðlilegast á allan hátt, að núverandi skattanefndir starfi áfram, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess, að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920. Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Aftan við 22. gr. laga nr. 6 9. janúar 1935, bætist:

Undirskattanefndir þær, sem nú eru, halda starfi sínu þar til tími þeirra er útrunninn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 6. febrúar 1935.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Í nafni konungs

**Frederik**  
rikisarfi.

*Eysteinn Jónsson.*